

**Minnisblað**

**Frá: PV**

**Til: SA**

**Dags. 18. ágúst 2011**

### **Efni: Álit um rekstrarhæfi Kvikmyndaskóla Íslands**

Með símtali við Kristínu Kalmansdóttur í síðustu viku óskaði Leifur Eysteinnsson hjá mennta- og menningarmálaráðuneyti eftir afstöðu Ríkisendurskoðunar til þess hvort ráðuneytið byggi yfir nauðsynlegum gögnum til að leggja mat á rekstrarhæfi Kvikmyndaskóla Íslands. Síðan hef ég m.a. fengið aðgang að ýmsum tölvupóstsamskiptum ráðuneytisins og skólans, auk rekstraráætlana, ársreikninga og upplýsinga úr bókhaldi um rekstur yfirstandandi árs og skuldastöðu skólans.

Kvikmyndaskóli Íslands hefur hlotið formlega viðurkenningu menntamálaráðherra sem tveggja ára starfsmenntaskóli á framhaldsskólastigi. Skólinn hefur óskað eftir viðurkenningu sem framhaldsskóli en ekki tekist að uppfylla skilyrði viðurkenningar. Árið 2007 var unnið að gerð samnings um framlag ríkisins til skólans og átti sá samningur að gilda til 31. desember 2009. Samningurinn var aldrei undirritaður af hálfu skólans en ríkið hefur greitt til hans í samræmi við samninginn. Árið 2009 var gerður styrktarsamningur um framlag ársins 2010 og viðauki við hann í maí sl. vegna framlags ársins 2011. Sá samningur gildi til 31. júlí sl. og er skólinn því samningslaus. Eftir sem áður er stefnt að innritun nýrra nemenda og að kennsla hefjist á næstu dögum.

Heildartekjur skólans skólaárið 2009-2010 námu ■■■ m.kr. skv. óendurskoðuðum ársreikningi. Ekki liggja fyrir fullnægjandi upplýsingar um reksturinn skólaárið 2010-2011 þar sem bókhald skólans hefur ekki verið fært síðan 31. mars sl. Þó er ljóst að mikið tap hefur verið af rekstrinum og hækkuðu skuldir milli ára um ■■■ m.kr. milli ára skv. upplýsingum frá skólanum. Skuldirnar nú nema um ■■■ m.kr. og skiptast þannig að ógreidd laun og launatengd gjöld nema ■■■ m.kr., ógreiddar verktakagreiðslur kennara ■■■ m.kr., aðrar skammtímaskuldir ■■■ m.kr. og langtímaskuldir ■■■ m.kr.

Skólinn hefur óskað eftir sérstöku viðbótarframlagi frá ríkinu upp á ■■■ m.kr. til að greiða niður aðkallandi skammtímaskuldir og að árlegt framlag verði hækkað úr u.þ.b. ■■■ m.kr. í ■■■ m.kr. frá og með árinu 2012. Lagðar hafa verið fram áætlanir um rekstur sem gera ráð fyrir jafnvægi verði framlög ríkisins með fyrrgreindum hætti. Afar erfitt er að leggja mat á þær áætlanir þar sem nauðsynlegar upplýsingar um rekstur fjögurra síðustu mánaða skólaársins 2010-2011 liggja ekki fyrir. Ráðuneytið hefur kallað eftir skýringum á ýmsum liðum áætlanna. Upplýsingaöflun þess virðist vera til fyrirmyndar og að mínu mati rétt og eðlileg í ljósi stöðu skólans og krafna hans. Raunar væri æskilegt að ráðuneytið gerði kröfu um að bókhald umræddra fjögurra mánaða ársins 2011 verði fært hið fyrsta og að ársreikningur skólans verði endurskoðaður standi til að semja við hann um áframhaldandi framlög.

Þar sem bókhald skólans hefur ekki verið fært síðan í mars og ársreikningar hans ekki endurskoðaðir er erfitt að segja til um hvort þær upplýsingar sem ég hef fengið aðgang að um rekstur og skuldastöðu gefa rétta mynd af stöðunni. Þó er ljóst að staðan er mjög alvarleg og skólinn fjarri rekstrarhæfur nema eiginfjárstaða hans verði stórlega styrkt, þ.e. samdráttur í rekstri og/eða frestun á viðhaldi og endurnýjun búnaðar dugar engan veginn til. Til þess sýnast þrjár leiðir: að eigendur skólans komi með nýtt fé inn í reksturinn, að til komi verulegar afskriftir skulda eða, sú leið sem skólinn hefur farið fram á, að ríkið leggi honum til fé og stórauki árleg framlög til hans. Með þeirri leið getum við ekki mælt á meðan svo mikil óvissa ríkir um rekstur skólans.

Hvort sem samið verður við skólann um áframhaldandi framlög eða ekki tel ég fulla ástæðu til að Ríkisendurskoðun ráðist í sérstaka úttekt á því hvernig farið hefur verið með framlag ríkisins til hans.